

9. maí 2019

Ágæti félagsmaður FIT

Þann 3. maí s.l. undirritaði Samiðn fyrir hönd aðildarféлага sinna, þar með talið FIT, kjarasamning við Samtök atvinnulífsins fyrir hönd aðildarfyrirtækja og meistarafélaga innan SI.

#### Helstu atriði sammingsins eru:

- Kjarasamningurinn gildir frá 1. apríl 2019 og til októberloka 2022.
- Launatöflur eru einfaldaðar. Byrjendataxtar hækka að lágmarki um 90.000 kr. Byrjunarlaun sveina hækkar um 114 þúsund krónur. (sjá launataxta í kynningu á netinu)

#### Almenn launahækkun er:

- 1. apríl 2019 er kr. 17.000.
- 1. apríl 2020 er kr. 18.000.
- 1. janúar 2021 er kr. 15.750.
- 1. janúar 2022 er kr. 17.250.
- Eingreiðsla 26.000 er kr. og kemur til útborgunar í maí 2019.

#### Hagvaxtatengdar launahækkunir

- Á árunum 2020 - 2023 komi til framkvæmda launahækkun að gefinni ákveðinni þróun hagvaxtar á hvern íbúa. Þetta ákvæði nýtist best þeim tekjulægri þar sem þessi hækkun fer af fullum þunga á taxtakaup og 75% á önnur laun. Hagvaxtatengdar launahækkunir koma til áhrifa 1. maí árin 2020, 2021, 2022 og 2023 og byggjast á hagvaxtartölum ársins á undan, reiknuðum af Hagstofu Íslands.

#### Breytingar á vinnutíma – virkur vinnutími - 1. apríl 2020

- Kaffitímar falla út úr virkum vinnutíma, engin breyting á töku kaffitíma nema með ákvörðun á vinnustað.
- Ný deilitala dagvinnu verður 160, í stað 173,33
- Hækkar dagvinnulaun um 8,33% - mánaðarlaun verða óbreytt
- **1.4.2020 - Nýjar yfirvinnuprósentur**
  - Yfirvinna 1: **1,02%** af mánaðarlaunum (63,2% álag á dagvinnu, 76,7% m.v. 173,33 deilitölu) hámark 17,33 stundir á mánuði.
  - Yfirvinna 2: **1,10%** af mánaðarlaunum (**Refsiálag**) (76% álag á dagvinnu, 90,7% m.v. 173,33 deilitölu) eftir 17,33 stundir og milli klukkan 00:00 og 06:00

- **1. janúar 2021**
  - Yfirvinna 1: **1,00%** af mánaðarlaunum (60% álag á dagvinnu, 73,3% m.v. 173,33 deilitölu) að hámarki 17,33 stundir.
  - Yfirvinna 2: **1,15%** af mánaðarlaunum (**Refsiálag**) (84% álag á dagvinnu, 99,3% m.v. 173,33 deilitölu) eftir 17,33 stundir og milli klukkan 00:00 og 06:00
- Stórhátíðarálag helst óbreytt, 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu (138,3% m.v. 173,33 deilitölu)
- **Frá 1. apríl 2020 – ný deilitala 160**
  - Starfsmenn og fyrirtæki geta styttn vinnutíma á vinnustað niður í 36 klst. á viku (156 klst. á mánuði) með samkomulagi sín á milli, meirihluti starfsmanna þarf að samþykkja slíkt.
- **janúar 2022**
  - Ef fyrirtæki vill ekki stytta vinnutíma með samkomulagi þá geta starfsmenn **einhlíða** styttn vinnutímann, feltn út formleg kaffihlé, og verður vinnutími á viku 36 klst 15 mínútur!
  - **Raunveruleg stytting vinnutíma er þá 3 klst 45 mínútur.** Þar af 50 mínútur hrein stytting auk niðurfellingar kaffitíma upp á 2:55.
  - Gert í “*Stöðluðum, valkvæðum fyrirtækjaþætti*”
  - Starfsmenn ákveða þessa styttingu í leynilegri atkvæðagreiðslu sín á milli!
  - **Vinnudagur 7 klst og 15 mínútur**

(sjá dæmi í kynningu kjarasamnina á netinu)

#### Yfirvinna 1

- Gildir um fyrstu 17,33 klst á launatímabili/mánuði að meðaltali m.v. fullt starf.

#### Yfirvinna 2 (refsiálag)

- Greiðist af vinnu umfram 177,33 á launatímabili/mánuði!
- Gildir alltaf á nóttunni, frá kl. 00:00 - 06:00
- Verði vinnutími styttn í 156 klst á mánuði lækkar þetta í 173,33 klst

#### Skýringar á yfirvinnu 1 og 2.

a) Hjá starfsmanni í fullu starfi sem skilar 37 klst. dagvinnu á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (160 klst. m.v. meðalmánuð) er yfirvinna 1 greidd fyrstu 4 klst. á viku að jafnaði eða 17,33 klst. á mánuði m.v. meðalmánuð. Yfirvinna 2 er greidd fyrir yfirvinnu umfram það.

b) Ef starfsmaður skilar ekki fullri dagvinnu vegna vinnuskipulags eða fjarvista er miðað við að yfirvinna 2 sé greidd þegar starfsmaður hefur skilað 41 klst. á viku að meðaltali á mánuði eða 177,33 klst. m.v. meðalmánuð.

c) Dagvinnustundir á sérstökum frídögum, í orlofi, veikindatilvikum eða launalausum leyfi teljast þó sem hluti 37 klst. vinnuviku / 160 klst. mánaðar. Slíkar fjarvistir teljast til vinnustunda í skilningi a) liðar.

d) Óunnin yfirvinna, sem t.d. er greidd vegna skerðingar á hvíldartíma og aukagreiðsla vegna vinnu í greiddum neysluhléum utan dagvinnutímabils, telst ekki með tímum sem safnast upp og veita rétt til greiðslu yfirvinnu 2.

### Hækkunar launaliða

- **Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:**
  - Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2019 verði orlofsuppbót kr. 50.000.
  - Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr. 51.000.
  - Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2021 verði orlofsuppbót kr. 52.000.
  - Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022 verði orlofsuppbót kr. 53.000.
- **Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:**
  - Á árinu 2019 92.000 kr.
  - Á árinu 2020 94.000 kr.
  - Á árinu 2021 96.000 kr.
  - Á árinu 2022 98.000 kr.
- **Mælingatala, verkfæra- og fatagjald hækka um 2,5% í hvert sinn 1. apríl 2019, 1. apríl 2020, 1. janúar 2021 og 1. janúar 2022.** Bókun er um að skoða með hvaða hætti stytting vinnutíma verði sett inní mælingatöluna.

### Önnur atriði

#### Þjónusta utan bakvakta

Þjónusta utan bakvakta með fjarlausnum og símhringingum. Sé starfsmanni sem ekki er á bakvakt gert að sinna þjónustu með fjarlausnum eða símhringingum í frítíma sínum skal samið um þóknun vegna þess ónæðis sem af því hlýst. Tilgreina skal þóknun í ráðningarsamningi. Með fjarlausnum er átt við vinnu sem starfsmaður getur unnið utan vinnustaðar með tölvubúnaði.

Við mat á þóknun skal meðal annars litið til þess:

- a. Hversu líklegt er að starfsmaður verði fyrir röskun vegna þjónustunnar.
- b. Hversu mikið vinnuframlag er farið fram á að hálfu starfsmanns vegna þjónustunnar þegar hennar er krafist.
- c. Hversu tafarlausra viðbragða er krafist af hendi starfsmanns.
- d. Á hvaða tíma sólahrings starfsmaður kann að vera beðinn um að veita þjónustuna.

#### Bakvaktarákvæði

Ef starfsmaður þarf að vera reiðubúinn að sinna útkalli **með skömmum fyrirvara (innan klukkustundar)** fær hann greitt sem svarar **33% dagvinnustundar** fyrir hverja klst. á bakvakt.

- Ef starfsmaður þarf að vera reiðubúinn að **sinna útkalli innan tveggja klukkustunda** fær hann greitt sem svarar **25% dagvinnustundar** fyrir hverja klst. á bakvakt.
- Ef starfsmaður þarf að vera reiðubúinn að **sinna útkalli innan tveggja til fjögurra klukkustunda** fær hann greitt sem svarar **16,5% dagvinnustundar** fyrir hverja klst. á bakvakt.
- Fyrir bakvakt á **helgidögum (öðrum en sunnudögum)** og **stórhátíðardögum greiðist 50% hærra bakvaktarálag en skv. ofanskráðu.**
- Bakvaktir skal boða með minnst tíu daga fyrirvara og bakvaktaskrá skal að öllu jöfnu ekki gilda í skemmri tíma en tvær vikur.

### Um ónæði vegna síma

- Séu símanúmer starfsmanna gefin upp af hálfu fyrirtækisins skal við launaákvörðun tekið tillit til þeirrar vinnu sem af því hlýst.

### Orlofsávinnsla

- Starfsmaður sem unnið hefur 10 ár í sömu starfsgrein á rétt á orlofi í 28 virka daga og orlofslaunum sem nema 12,07%. Hækkun orlofs tekur gildi 1. maí 2021 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma. Aukið orlof kemur þannig til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2022.

### Veikindi barna

- Veikindaréttur vegna barna á jafnframt við um börn undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkrahúsvistar í a.m.k. einn dag.

### Kynningafundir:

**Reykjavík:** Miðvikudagur 8. maí kl. 18:00 að Stórhöfða 31.

**Reykjanesbær:** Fimmtudaginn 9. maí kl. 17:00 á Hótel Park Inn, Hafnargötu 57.

**Vestmannaeyjar:** Mánudaginn 13. maí kl. 12:00 í Kaffi Kró.

**Selfoss:** Mánudaginn 13. maí kl. 18:30 í sal félagsins að Austurvegi 56.

**Akranes:** Þriðjudaginn 14. maí kl. 18:00 í sal Samfylkingarinnar Stillholti 18 (við hliðina á Galito).

### Atkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla um samninginn fer fram með rafrænum hætti. Aðgengi að atkvæðagreiðslunni er gegnum heimasíðu FIT [fit.is](http://fit.is) Til þess að kjósa þarftu að hafa rafræn skilríki eða Íslykil. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér samninginn á heimasíðu félagsins og taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Fyrirtækið APmedia ehf. sér um rafræna kosningu um samninginn. Öll svör vistast í tölvukerfi fyrirtækisins, sem tryggir nafnleynd og að útilokað er að rekja svör til einstaklinga.

Atkvæðagreiðslan hefst föstudaginn 10. maí 2019, kl. 16:00 og mun standa til kl. 12.00 á hádegi þriðjudaginn 21. maí 2019.

Allar nánari upplýsingar um samninginn eru á heimasíðu FIT, [fit.is](http://fit.is)

Með félagskveðju

Hilmar Harðarson, formaður FIT